
SUÐURNESJALÍNA 2

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Framlagning matsskýrslu og ósk um álit

Þann 20. janúar 2020 lagði Landsnet fram matsskýrslu um Suðurnesjalínu 2 og óskaði eftir álti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sbr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar með bréfi dags. 27. janúar 2020.

Gögn

Matsskýrsla: Suðurnesjalína 2, milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavík. Matsskýrsla. Landsnet og VSÓ Ráðgjöf, september 2019.

Viðaukar með matsskýrslu, umfram það sem lá fyrir í frummatsskýrslu (sjá að neðan):

- Viðbrögð Landsnets við umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna frummatsskýrslu.
- Umsagnir og athugasemdir sem bárust vegna frummatsskýrslu.

Eftir að matsskýrsla lá fyrir óskaði Skipulagsstofnun frekari upplýsinga frá Landsneti um tiltekin atriði og bárust svör við þeim 4., 10. og 11. mars 2020.

1.2 Kynning frummatsskýrslu

Landsnet lagði fram frummatsskýrslu um Suðurnesjalínu 2 til athugunar Skipulagsstofnunar þann 28. maí 2019, sbr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 5. júní 2019 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 5. júní til 18. júlí á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Bókasafni Hafnarfjarðar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Þann 11. júní 2019 hélt Landsnet kynningarfund í Vogum og þann 12. júní 2019 í Hafnarfirði um framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Grindavíkurbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Voga, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Gögn

Frummatsskýrsla: Suðurnesjalína 2, milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavík. Frummatsskýrsla. Landsnet og VSÓ Ráðgjöf, maí 2019.

Viðaukar með frummatsskýrslu:

- Náttúrufræðistofnun Íslands. Úttekt á náttúrufari vegna Suðurnesjalínu 2.
- VSÓ Ráðgjöf. Grunnástand landslags og gildismat á áhrifasvæði Suðurnesjalínu 2.
- Fornleifafræðistofan. Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra lagningu Suðurnesjalínu 2 frá Hafnarfirði að tengivirki við Rauðamel.



- VSÓ Ráðgjöf. Greining hættu og áhættumat. Áhrif framkvæmdakosta á vatnsvernd við lagningu Suðurnesjalínu 2.
- Rannsóknamiðstöð ferðamála. Áhrif Suðurnesjalínu 2 á ferðaþjónustu og útivist.
- Jón Bergmundsson. Suðurnesjalína 2. Mat á umhverfisáhrifum. Hljóðvist, rafsvið og segulsvið.
- Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Náttúruvá á framkvæmdasvæði Suðurnesjalínu 2.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Grindavíkurbæ með bréfi dags. 26. júní 2019.
- Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 26. júní 2019.
- Reykjanesbæ með bréfi dags. 26. júlí 2019.
- Sveitarfélaginu Vogum með bréfi dags. 25. júní 2019.
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 26. júní 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 9. júlí 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 24. júní 2019.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. júlí 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 26. júní 2019.
- Orkustofnun með bréfi dags. 4. júlí 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. júlí 2019.
- Vegagerðinni með bréfi dags. 4. júlí 2019.

Eftirtaldir sendu athugasemdir á kynningartíma frummatsskýrslu:

- Landvernd með bréfi dags. 18. júlí 2019.
- Lex lögmenn f.h. Eyðísar Franzdóttur, Guðna Franzsonar, Ólafs Þórs Jónssonar, Reykjavrents ehf., Sigríðar S. Jónsdóttur og STV ehf. með bréfi dags. 18. júlí 2019.
- Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Hraunavinir með bréfi dags. 18. júlí 2019.
- Ungir umhverfissinnar með bréfi dags. 18. júlí 2019.
- Örn Þorvaldsson með bréfi dags. 18. júlí 2019.

2 FRAMKVÆMD

2.1 Framkvæmd og markmið

Í matskýrslu kemur fram að Landsnet áformar að byggja 220 kV raflínu, Suðurnesjalínu 2, milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja sem verði hluti af meginflutningskerfi raforku. Línan muni liggja milli tengivirkis í Hamranesi í Hafnarfirði og tengivirkis á Rauðamel í Grindavíkurbæ, alls yfir 30 km leið. Gert er ráð fyrir að í fyrstu verði línan rekin sem 132 kV lína en fljótlega verði spennan hækkuð í 220 kV.

Meginmarkmið Landsnets með lagningu 220 kV Suðurnesjalínu 2 er samkvæmt matskýrslu að:

- Auka öryggi afhendingar raforku.
- Auka flutningsgetu til og frá Suðurnesjum.
- Bæta tengingu orkuframleiðslueininga við lykiltengivirki á höfuðborgarsvæðinu.
- Anna flutningsþörf til og frá Suðurnesjum með það flutningsmikilli línu að síður þurfi að fjölga frekar flutningslínunum á þessari leið í nánustu framtíð.

Í matskýrslu Landsnets kemur fram að nauðsynlegt sé að ráðast í framkvæmdir til að bæta afhendingaröryggi raforku og auka flutningsgetu raforkukerfisins milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Mikil fjölgun íbúa og vöxtur atvinnulífs hafi verið á Suðurnesjum á undanförunum árum og gert sé ráð fyrir mikilli aukningu raforkunotkunar á svæðinu. Í dag sjái ein 132 kV raflína um allan



flutning til og frá Suðurnesjum, Suðurnesjalína 1 og áhrif truflana á raforkuflutningi um hana séu veruleg fyrir fyrirtæki og íbúa.

Suðurnesjalína 1 liggur frá Hamranesi í Hafnarfirði að Fitjum í Reykjanesbæ og er með flutningsgetu um 150 MW. Landsnet stefnir að því að flutningsgeta Suðurnesjalínu 2 verði a.m.k. 300 MW, til að mæta þróun orkunotkunar og -vinnslu til næstu áratuga. Landsnet telur mikilvægt við allan undirbúning slíkra framkvæmda að líta til þess að mannvirki í flutningskerfinu hafa langan líftíma, sem getur verið 60-90 ár.

Fram kemur í matsskýrslunni að Landsnet hafi skoðað marga valkosti til að ná markmiði framkvæmdarinnar. Til skoðunar hafi verið valkostir um jarðstrengi, loftlínu og blöndun loftlínu og jarðstrengs. Í matsskýrslunni er lagður fram samanburður á valkostum m.t.t. umhverfisáhrifa, flutningsgetu, afhendingaröryggis, kostnaðar og samræmis við stefnu stjórnvalda. Niðurstaða Landsnets, að teknu tilliti til þessara þátta, er að leggja fram sem aðalvalkost loftlínu sem fylgir að mestu Suðurnesjalínu 1, með stuttum jarðstrengsköflum næst tengivirki í Hafnarfirði (1,4 km) og tengivirki á Rauðamel (0,2 km) (kallað valkostur C í matsskýrslunni).

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að undirbúningur vegna Suðurnesjalínu 2 hafi staðið lengi. Í kjölfar dóma um ógildingu eignarnámsheimildar og leyfis Orkustofnunar fyrir Suðurnesjalínu 2, ásamt ógildingu framkvæmdaleyfis Sveitarfélagsins Voga, hafi Landsnet gert nýtt umhverfismat.


Fram kemur í matsskýrslunni að framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 hafi verið hafnar þegar framkvæmdaleyfið var fellt úr gildi og sé því búið að raska landi, gera mastraplön og leggja vegslóða. Framkvæmdaleyfið var fyrir sambærilegri framkvæmd og þeirri sem nefnist valkostur C í þeirri matsskýrslu sem nú er til umfjöllunar. Heildaryfirborðsrask valkostar C verður samkvæmt matsskýrslu 12,55 ha, en búið sé að raska um 5,58 ha.

2.2 Framkvæmdalýsing

Mastragerð

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að miðað sé við að nota um 24 metra há, stöguð röramöstur fyrir loftlínu Suðurnesjalínu 2, sem séu samskonar möstur og séu í Suðurnesjalínu 1, en stærri. Vísað er til þess að í öðrum verkefnum Landsnets hafi komið í ljós að flestir telji röramöstur besta kostinn af þeim mastrategundum sem hafi verið til skoðunar.

Súlumöstur verði notuð á 3ja km kafla frá Hraunhelli að Hrauntungum í Hafnarfirði vegna takmarkaðs landrýmis, en á þeim raðast leiðarar upp lóðrétt á eitt rör.



Mynd 1. Mastragerðir (hluti myndar 5.2 í matsskýrslu Landsnets). (1) sýnir möstur Suðurnesjalínu 1. (2) og (3) sýnir fyrirhuguð stálröramöstur Suðurnesjalínu 2. (4) sýnir súlumöstur sem er áformað að nota á kafla í Hafnarfirði samkvæmt valkosti C. (5) sýnir tvírásamöstur sem er áformað á nota á kafla næst Reykjanesbraut samkvæmt valkosti E.



Mastraplön

Í matskýrslu Landsnets kemur fram að plön fyrir möstur Suðurnesjalínu 2 verði misstór eftir aðstæðum og mastragerð. Plön við möstur verði að jafnaði 80-100 m² en við stöguð hornmöstur þurfi þau að vera 200-400 m². Við frístandandi hornmöstur verði plönin um 100 m².

Jarðstrengir

Í matskýrslu Landsnets kemur fram að jarðstrengir í Suðurnesjalínu 2 samanstandi af þremur leiðurum (1x3) sem lagðir verði hlið við hlið í um 1,2 m djúpan skurð. Fram kemur að miðað sé við tvær útfærslur á skurðsniði. Í báðum tilvikum sé miðað við að yfirborðsefni með gróðri sé tekið til hliðar áður en eiginlegur skurðgröftur hefst. Annars vegar sé gert ráð fyrir hefðbundnu þversniði skurðar þar sem skurður sé við hlið vegslóða (raskað svæði 8-12 m breitt) og hins vegar snið í hrauni og á viðkvæmum svæðum þar sem slóði er lagður yfir skurð í lok framkvæmdar (raskað svæði að lágmarki 7 m breitt).

Tengivirki

Í matskýrslu Landsnets kemur fram að reiknað sé með að Suðurnesjalína 2 verði með 132 kV spennu í fyrstu en spenna verði hækkuð í 220 kV innan fárra ára. Samhliða því sé áætlað að reisa allt að 6.000 m² tengivirki á Njarðvíkurheiði í Reykjanesbæ. Einnig er gert ráð fyrir nýju 1.000-2.000 m² tengivirki í Hrauntungum í Hafnarfirði.

Vegslóðar

Í matskýrslu Landsnets kemur fram að meðfram loftlínu og að öllum möstrum þurfi vegslóða sem sé fær vörubílum. Miðað sé við að vegslóðar verði 4-4,5 m að breidd. Hægt sé að nýta núverandi vegslóða meðfram Suðurnesjalínu 1. Eins og fram kemur að framan var búið að leggja hluta vegslóða vegna Suðurnesjalínu 2 þegar framkvæmdir voru stöðvaðar á sínum tíma. Það á við vegslóða að fyrirhuguðu tengivirki í Hrauntungum og frá Hrauntungum til vesturs langleiðina að Suðurnesjalínu 1 auk margra tenginga og mastraplana fyrir Suðurnesjalínu 2.


Fram kemur í matskýrslu að almennt þurfi vegslóði að fylgja jarðstrengsskurði alla leið. Auk vegslóða þurfi vinnuplön við tengistaði á 800-1.000 m fresti, auk snúningsplana og útskota, en þeim verði að jafnaði valinn staður þar sem þegar sé búið að raska landi á einhvern hátt, t.d. þar sem strengleið víki frá núverandi slóða.

Efnistaka

Í matskýrslu Landsnets kemur fram að efnisþörf vegna Suðurnesjalínu 2 sé á bilinu 37.800 m³ til 58.000 m³ eftir valkostum. Einnig sé mismunandi hvers konar efni þurfi til framkvæmda eftir því hvort um sé að ræða loftlínu eða jarðstreng. Ekki sé gert ráð fyrir að opna nýjar námur vegna framkvæmdanna. Miðað sé við að allt efni verði tekið úr opnum námum með rekstrarleyfi, t.d. Rauðamelsnámu í Grindavík og Reykjanesbæ og Vatnsskarðsnámum í Grindavík.



2.3 Valkostir



Mynd 2. Valkostir við lagningu Suðurnesjalínu 2 (mynd úr matsskýrslu Landsnets).

Í matsskýrslu Landsnets eru sex valkosti umhverfismetnir. Þeir eru:


- Jarðstrengur samhliða Suðurnesjalínu 1. Alls um 32 km.
- Jarðstrengur samhliða Reykjanesbraut. Alls um 33 km. Á um 16 km kafla samhliða Reykjanesbraut, en til endanna samsíða Suðurnesjalínu 1 og Fitjalínu 1.
- Loftlína um Hrauntungur í Hafnarfirði og frá sveitarfélagamörkum Hafnarfjarðar og Sveitarfélagsins Voga samhliða Suðurnesjalínu 1. Frá Njarðvíkurheiði að Rauðamel samhliða Fitjalínu 1. Alls um 34 km. Stuttur jarðstrengur á báðum endum, 1,4 km í Hafnarfirði en 0,2 km við Rauðamel. Þetta er aðalvalkostur Landsnets.
- Eins og kostur C, en fylgir Suðurnesjalínu 1 í Hafnarfirði í stað þess að liggja um Hrauntungur. Heildarlengd þessa kosts er 32 km.
- Blönduð leið, jarðstrengur að hluta. Eins og kostur C, nema á 7 km kafla í jörðu, þar sem línan liggur næst Reykjanesbraut. Alls er línan um 34 km.
- Blönduð leið, tvírásamöstur að hluta. Eins og kostur C, nema á 7 km kafla verði Suðurnesjalínur 1 og 2 á sömu möstrum, þar sem línurnar liggja næst Reykjanesbraut. Línan er alls um 34 km.

Auk ofangreindra valkosta var í tillögu Landsnets að matsáætlun gerð grein fyrir hugmyndum um aðra valkosti: F. Loftlína milli Hamraness og Rauðamels, sem liggja norðan undir Reykjanesfjallgarðinum. G. Loftlína meðfram Suðurstrandarvegi og um Krýsuvík að Hamranesi. H. Sæstrengur frá Straumsvík að Helguvík. I. Sæstrengur frá Akranesi eða Klafastöðum að Helguvík. J. Loftlína meðfram Suðurstrandarvegi að Ölfusi og þaðan að tengivirki við Sandskeið. K. Tvöföld raflína (loftlína eða jarðstrengir) með 132 kV spennu, meðfram Suðurnesjalínu 1. Fram kemur í matsskýrslu að Landsnet hafi skoðað þessar hugmyndir, greint helstu kosti þeirra og galla en telji enga þeirra hafa ávinning á við þá valkosti sem hafi verið ákveðið að meta og gerð sé grein fyrir í matsskýrslunni. Í tillögu að matsáætlun hafi verið rökstutt hvers vegna ekki stæði til af hálfu Landsnets að meta umhverfisáhrif þessara valkosta í frummatsskýrslu.



3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Landsnets er umhverfismati framkvæmdanna skipt niður á fjögur svæði á línuleiðinni. Svæðin eru kölluð Hafnarfjörður, Almennigur, Strandarheiði og Njarðvíkurheiði. Um 2 km línunnar mun liggja innan svæðisins Hafnarfjörður, um 9-11 km innan svæðisins Almennigur, um 9 km á Strandarheiði og um 12-13 km á svæðinu Njarðvíkurheiði.



Mynd 3. Afmörkun svæða í umhverfismati (mynd 4.1 úr matsskýrslu Landsnets).

Í matsskýrslu Landsnets eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð og óverulega neikvæð, engin áhrif, óverulega jákvæð, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 84 til 86 í matsskýrslunni.

3.1 Jarðmyndanir

3.1.1 Mat Landsnets

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að athugunarsvæðið einkennist af eldhraunum sem runnið hafa á nútíma og síðjökultíma, að undanskildu grágrytissvæði með þunnum jökulruðningi frá ísöld á Njarðvíkurheiði. Hraun séu fágætar jarðmyndanir og landslagsform á heimsvísu og hafi hátt verndargildi bæði sem jarðmyndanir og landslag. Eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og forðast beri að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Þá kemur fram að Reykjanes sé viðurkennt af UNESCO sem jarðvangur (Global Geopark). Einnig séu tvö svæði á náttúruminjasrá (C-hluta), m.a. vegna jarðmyndana, á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, en það eru svæði nr. 109 Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár og svæði nr. 137 Hvasshraungíggar. Þessi svæði séu jafnframt skilgreind sem áhugaverðir jarðminjastaðir af Reykjanes Geopark.



Í matsskýrslu Landsnets segir að sé þess ekki kostur að varðveita hraun í heild sinni sé rétt að varðveita jarðfræðilegar heildir í hrauninu. Mismunandi hlutar hrauna geti haft mismikið verndargildi. Þannig geti gígar, gervígígar, hraunhellar, hrauntraðir, rishólar, rissléttur, svigður, borgir, hraundryli, hraunhellur, uppbelgdir jaðrar og fleiri fyrirbæri innan stærri hraunheildar haft herra verndargildi en hraunið í heild sinni.

Landsnet telur helstu áhrif allra valkosta á jarðminjar verða á svæðinu Almennungur. Þar verði áhrif allra valkosta talsvert til verulega neikvæð, vegna varanlegrar, óafturkræfrar skerðingar á hraunum og áberandi rasks. Almennungur hefur að mati Landsnets hæsta verndargildi þeirra svæða sem hér eru skoðuð með tilliti til jarðmyndana. Þar séu fjölbreyttar gerðir hrauna, að mestu vel varðveittar og mörg góð dæmi um ýmsar myndanir í helluhraunum, auk þess sem svæðið sé aðgengilegt til útivistar frá höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í matsskýrslunni að áhrif af valkosti C á svæðinu Almennungur séu að miklu leyti komin fram, þar sem hluti vegslóða og mastraplana hafi verið lögð á grundvelli fyrra framkvæmdaleyfis.

Landsnet telur áhrif allra valkosta einnig vega hátt á svæðinu Strandarheiði, en þar telur Landsnet alla valkosti nema valkost A hafa talsvert neikvæð áhrif, en að valkostur A hafi talsvert til verulega neikvæð áhrif.

Landsnet telur áhrif allra valkosta á jarðmyndanir áþekk á svæðunum Hafnarfjörður og Njarðvíkurheiði. Á Hafnarfjarðarsvæðinu sé þegar fyrir mikið rask og áhrif allra valkosta áþekk. Á Njarðvíkurheiði sé berggrunnur úr grágrýti áberandi sem hafi minna verndargildi og rask allra valkosta á jarðmyndanir áþekkt.

3.1.2 Umsagnir og athugasemdir um frummatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu Landsnets kemur fram að stofnunin telur valkost B, jarðstreng meðfram Reykjanesbraut, bestan í heild með tilliti til áhrifa á náttúru svæðisins.

Umhverfisstofnun telur í sinni umsögn um frummatsskýrsluna að lagning jarðstrengja á því svæði þar sem ráðgert er að leggja Suðurnesjalínu 2 sé slæmur kostur vegna áhrifa á jarðmyndanir. Ef niðurstaðan verði að leggja jarðstreng meðfram Reykjanesbraut (valkostur B) telur Umhverfisstofnun að tengja ætti jarðstrenginn annað hvort um raskað svæði í Kapelluhrauni eða raskað svæði í Afstapahrauni en ekki um óraskað hraun í Almennungi austan Afstapahrauns.

Sveitarfélagið Vogar vísar í umsögn sinni til Reykjanesjarðvangsins og telur Suðurnesin hafa einstakt tækifæri til að skapa sér sérstöðu á grundvelli jarðfræði, jarðmyndana og jarðsögu. Bæjarstjórn Voga telur lagningu nýrrar loftlínu í hrópandi ósamræmi við þær áherslur sem jarðvangurinn vinnur markvisst að.

Vikið er að áhrifum á jarðmyndanir eða náttúruaf almennt í fleiri umsögnum og athugasemdum og mælt með lagningu jarðstrengs og þá í flestum tilvikum valkosti B.

3.1.3 Niðurstaða

Reykjanes hefur hlotið viðurkenningu UNESCO sem jarðvangur (Global Geopark), en slík útnefning felur í sér að svæði telst jarðfræðilega mikilvægt á heimsvísu. Skilgreining Reykjanes sem jarðvangs, ásamt þeim verndarákvæðum sem um svæðið gilda samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga undirstrikar mikilvægi þess að tekið sé sérstakt tillit til jarðmyndana við ákvörðun um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2.

Óhjákvæmilegt er að valda óafturkræfu raski á jarðmyndunum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd við lagningu Suðurnesjalínu 2, hvaða valkostur sem verður fyrir valinu. Enginn valkostanna veldur hinsvegar raski á svæðum á náttúruminjasrá (C-hluta), en þau svæði hafa jafnframt verið skilgreind sem áhugaverðir jarðminjastaðir af Reykjanesjarðvanginum.




Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á jarðmyndanir. Skipulagsstofnun telur ekki vera grundvallarmun á áhrifum ólíkra valkosta um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 hvað varðar áhrif á jarðmyndanir þegar eingöngu er horft til beins jarðraski en ekki landslags- og ásýndaráhrifa (um þau er fjallað í kafla 3.2 hér á eftir).

Varðandi beint rask á jarðmyndunum telur stofnunin þurfa að horfa til þess hverskonar jarðmyndanir og hvaða heildir verða fyrir áhrifum ekki síður en til stærðar þeirra svæða sem raskast. Út frá því telur stofnunin ekki grundvallarmun á því jarðraski sem loftlína eða jarðstrengur meðfram Suðurnesjalínu 1 og jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut hefur í för með sér. Í því tilliti telur stofnunin hinsvegar ástæðu til að draga fram áhrif valkosta C þar sem hann sveigir til suðurs af leið Suðurnesjalínu 1 á svæðinu Almennungur og fer þar inn á áður óraskaða heild, á svæði sem Landsnet telur hafa hæsta verndargildi þeirra svæða sem hér eru skoðuð með tilliti til jarðmyndana. Á móti kemur að við fyrri framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 voru lagðir vegslóðar og mastraplön á þessu svæði og því eru bein áhrif valkosta C á jarðmyndanir á því svæði að miklu leyti þegar komin fram.

Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda raski á jarðmyndunum í algjöru lágmarki.

3.2 Landslag og ásýnd

3.2.1 Mat Landsnets



Mynd 4. Landslagsheildir (mynd 12.8 úr matsskýrslu Landsnets).

Í matsskýrslu Landsnets er sett fram landslagsgreining fyrir áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Þar eru skilgreindar 13 landslagsheildir innan skoðunarsvæðanna fjögurra (Hafnarfjörður, Almennungur, Strandarheiði og Njarðvíkurheiði). Lagt er mat á gildi herrar landslagsheildar út frá verndarákvæðum, útivistar- og ferðaþjónustugildi, minja- og sagnagildi og upplifun, þ.e.



möguleikanum á að upplifa sig einan í landslaginu án áreitis frá manngerðum þáttum. Jafnframt er lagt mat á áhrif ólíkra valkosta um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 á landslagsheildirnar.

Í matsskýrslunni er einnig sett fram niðurstaða sýnileikagreiningar fyrir loftlínukostina. Þar er greint hvar línan er sýnileg í allt að 5 km fjarlægð.

Landsnet telur útivistarsvæðin í Almenni og við Seltjörn og Snorrastaðatjarnir helst vera viðkvæm fyrir ásýndarbreytingum. Þá sé Reykjanesbraut fjölfarinn vegur og margir vegfarendur sjái loftlínu frá henni.

Rúmlega tveggja km kafla Suðurnesjalínu 2 fer um svæðið Hafnarfjörð. Innan þess telur Landsnet alla valkosti (A, B, C og C2) hafa sambærilega mikið risk á landi í för með sér, en að jarðstrengskostirnir (A og B) hafi minni sjónræn áhrif en loftlínukostirnir (C og C2). Valkostir C og C2 hafi nokkuð neikvæð áhrif en jarðstrengskostirnir A og B óveruleg áhrif.

Um 9-11 km kafla Suðurnesjalínu 2 fer um svæðið Almenni. Innan þess er niðurstaða Landsnets að valkostur C hafi talsvert til verulega neikvæð áhrif á landslag og ásýnd, á meðan aðrir valkostir (A, B og C2) hafi talsvert neikvæð áhrif. Á þessu svæði muni jarðstrengskostirnir að mati Landsnets hafa í för með sér áberandi risk á landi, þótt þeir hafi af öllum valkostunum minnst áhrif á landslag og ásýnd. Loftlína samkvæmt valkosti C verði vel sýnileg á þessu svæði, sem sé vinsælt útivistarsvæði og talið hafa mikið gildi sem slíkt og viðkvæmt fyrir ásýndarbreytingum. Loftlína C2 hafi minni áhrif á landslag og ásýnd en valkostur C, þar sem valkostur C2 muni liggja samsíða núverandi Suðurnesjalínu 1 og sjást á minna svæði en valkostur C. Engu að síður muni valkostur C2 auka á sjónræn áhrif núverandi línuleiðar Suðurnesjalínu 1.

Um 9 km kafla Suðurnesjalínu 2 fer um svæðið Strandarheiði og um 12-13 km kafla um svæðið Njarðvíkurheiði. Innan þessara svæða koma til greina fimm ólíkir valkostir, þ.e. jarðstrengskostirnir A og B, loftlínukosturinn C og síðan tvö afbrigði við valkost C, þ.e. annarsvegar valkostur D þar sem 7 km kafla línunnar sem liggur næst Reykjanesbraut er lagður í jörð og valkostur E, þar sem sami hluti línunnar er settur á sameiginleg möstur með Suðurnesjalínu 1. Á Strandarheiði telur Landsnet valkosti C og E hafa nokkuð til talsvert neikvæð áhrif á landslag og ásýnd, en aðra valkosti hafa nokkuð neikvæð áhrif. Á Njarðvíkurheiði telur Landsnet valkosti C, D og E hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd, en jarðstrengskostina A og B hafa óveruleg til nokkuð neikvæð áhrif.

Landsnet telur loftlínukostina umfram jarðstrengskostina breyta lykileinkunnum svæðisins á Strandarheiði og hafa samlegðaráhrif með Suðurnesjalínu 1. Loftlína verði vel sýnileg frá Reykjanesbraut, sér í lagi þar sem hún fer næst veginum vestast á Strandarheiði og austast á Njarðvíkurheiði. Sjónrænt áreiti vegna nýrrar Suðurnesjalínu 2 við hlið núverandi Suðurnesjalínu 1 verði þó minna ef þær verði á sameiginlegum möstrum samkvæmt valkosti E, heldur en ef nýja línan verði lögð samkvæmt valkosti C. Þá fari allir valkostir aðrir en valkostur B nærri Seltjörnum, Snorrastaðatjörnum og Hrafnagjá, sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár, og kunni sér í lagi loftlína í þeirri legu (valkostur C og E) að hafa áhrif á upplifun þeirra sem fara þar um.

3.2.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögnum og athugasemdum nokkurra aðila um frummatsskýrslu Landsnets, m.a. Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Voga, er lögð áhersla á að velja jarðstrengskosti (valkosti A eða B) fremur en loftlínu, m.a. vegna áhrifa á landslag og ásýnd. Reykjanesbær telur mikilvægt að framkvæmdirnar valdi sem minnstum spjöllum og skerði eins takmarkað og unnt er ásýnd og náttúru landsins og mælir með valkostum A og B. Sveitarfélagið Vogar telur rökrétt að flutningskerfi raforku fari í auknum mæli í jörð og telur áform um lagningu loftlínu í ósamræmi við áherslur jarðvangs á svæðinu. Komi til þess að Suðurnesjalína 2 verði loftlína samhliða Suðurnesjalínu 1 sé ljóst að möstrin á Suðurnesjalínu 2 verði bæði hærri og meiri um sig en möstrin á Suðurnesjalínu 1. Sjónræn áhrif verði umtalsvert meiri en af núverandi raflínu. Línan muni liggja næst Reykjanesbraut í grennd við þéttbýlið í Vogum, með tilheyrandi sjónmengun.



Í matsskýrslu Landsnets og viðbrögðum fyrirtækisins við umsögnum og athugasemdum kemur fram að það séu raftæknilegar takmarkanir á því hversu langa kafla er hægt að leggja í jörðu af flutningskerfinu á suðvesturhorninu. Greining Landsnets sýni að það geti verið um 100 km. Landsnet vísar í þessu sambandi til stefnu stjórnvalda þar sem tilgreind eru viðmið fyrir lagningu jarðstrengja í flutningskerfinu. Suðurnesjalína 2 liggir að litlu leyti innan slíkra svæða, en mikilvægt sé að eiga til framtíðar möguleika á að leggja jarðstrengi á því vaxtarsvæði sem suðvesturhornið er.

3.2.3 Niðurstaða

Í matsskýrslu Landsnets er birt ítarlegt mat á landslagsheildum og ásjáðarbreytingum af völdum fyrirhugaðra framkvæmda og áhrifum þeirra á landslag á mismunandi köflum línunnar. Eins og þar kemur fram verða áhrifin mismunandi eftir svæðum og útfærslu framkvæmda og telur Skipulagsstofnun að það mat sem lagt er á gildi landslagsheilda og áhrif á þær vegna jarðrasks og sjónrænna áhrifa gefi fullnægjandi mynd af líklegum áhrifum framkvæmdanna, þótt stofnunin sé ekki að öllu leyti sammála vægiseinkunum í niðurstöðu Landsnets.

Innan svæðanna Hafnarfjörður og Almennigur hafa jarðstrengskostirnir (A og B) talsvert minni neikvæð áhrif á landslag og ásjáð að mati Skipulagsstofnunar en loftlínukostirnir (C og C2). Þrátt fyrir að leggja þurfi jarðstrengi um úfið hraun, mun sjónrænna áhrifa þess gæta á mun minna svæði en sjónrænna áhrifa loftlínukostanna. Jafnframt verða áhrif af valkosti C2 á landslag og ásjáð vægari en af valkosti C, að mati Skipulagsstofnunar, en valkostur C nemur í raun nýtt land undir mannvirki á svæði sem nýtur sérstakrar verndar og hefur verið ónumið af mannvirkjum.

Stofnunin telur jafnframt að munur á áhrifum á landslag og ásjáð sé meiri milli valkosta á svæðunum Strandarheiði og Njarðvíkurheiði en vægiseinkunnir Landsnets benda til, sér í lagi þar sem línan fer næst Reykjanesbraut. Stofnunin telur að sjónræn áhrif stærri loftlínu á þeim kafla, við hlið þeirrar sem fyrir er, hafi mikil áhrif á sjónræna upplifun frá fjölförnum vegi, auk þess sem þessi kafla línunnar er í mikilli nálægð við vaxandi þéttbýli í Vogum. Á því svæði telur stofnunin mun æskilegra út frá áhrifum á landslag og ásjáð að velja jarðstrengskosti í heild eða hluta (A, B eða D). Ef það er ekki talið mögulegt, myndi útfærsla loftlínu samkvæmt valkosti E næst Reykjanesbraut milda áhrif tveggja samsíða loftlína með tilliti til landslags og ásjáðar. Jafnframt telur stofnunin loftlínu samkvæmt valkosti C2 æskilegri með tilliti til áhrifa á landslag og ásjáð en valkost C á svæðinu Almennigi, og valkosti A og B almennt hafa í för með sér minnst inngrip hvað varðar landslag og ásjáð á línuleiðinni allri.

Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á landslag og ásjáð í algjöru lágmarki.

3.3 Ferðaþjónusta og útivist

3.3.1 Mat Landsnets

Í matsskýrslu Landsnets er vísað til viðhorfskönnunar Ferðamálastofu um að náttúra Íslands sé sterkasta aðdráttaraflíð fyrir ferðamenn sem heimsækja landið. Yfir 90% gesta segi að náttúra landsins eða einstök náttúruferðir hafi verið kveikjan að Íslandsferðinni og 73% nefni náttúrutengda afþreyingu. Fram kemur að í áfangastaðaáætlun Reykjanes sé lögð áhersla á náttúru og landslag svæðisins.

Mat á áhrifum valkosta um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 á ferðaþjónustu og útivist sem birt er í matsskýrslu Landsnets byggir á rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á notkun ferðaþjónustuaðila og útivistarfólks á áhrifsvæði framkvæmdanna. Samkvæmt henni er talið mikilvægt að halda í gæði útivistarsvæða nálægt þéttbýli og mikilvægt að ferðamönnum gefist gott tækifæri til að virða fyrir sér umhverfið frá Reykjanesbraut. Útsýni yfir hraunið frá Reykjanesbraut sé mikilvægt, þar sem margir ferðamenn upplifi þar landslag á Íslandi í fyrsta skipti.



Landsnet telur að helstu áhrif allra valkosta um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 á ferðaþjónustu og útivist verði annarsveggar innan svæðisins Almennings sem sé vinsælt útivistarsvæði þar sem sjónræn áhrif línunnar geti haft áhrif á útivist. Hinsveggar á svæðinu Njarðvíkurheiði þar sem línan liggja nálægt Reykjanesbraut og ásýnd hennar geti haft áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu. Landsnet telur þess vegna að valkostur C muni hafa talsvert neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist á svæðunum Almanningur og Njarðvíkurheiði en nokkuð neikvæð áhrif innan svæðanna Hafnarfjörður og Strandarheiði.

Landsnet telur í heild að valkostur C hafa mest neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist, en valkostur B minnst, þar sem hann feli í sér minnstu breytingu á ásýnd og muni ekki hafa áhrif á notkun áhrifsvæðis framkvæmdanna til útivistar.

3.3.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögnum og athugasemdum um frummatsskýrslu Landsnets er komið inn á áhrif framkvæmdanna á ferðaþjónustu og útivist. Ferðamálastofa telur til að mynda að fremur eigi að horfa til lagningar jarðstrengja, þrátt fyrir að um dýrari kosti sé að ræða. Minnt er á að meirihluti þeirra ferðamanna sem koma til Íslands lenda á Keflavíkurflugvelli og því sé fyrsta upplifun þeirra af Íslandi áhrifsvæði Suðurnesjalínu 2. Auk áherslu á gildi svæðisins fyrir erlenda ferðamenn dregur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga fram í umsögn sinni að áhrifsvæði framkvæmdanna sé í túnfæti höfuðborgarsvæðisins og bjóði upp á einstaka upplifun í ósnortinni náttúru.

3.3.3 Niðurstaða

Áhrif lagningar Suðurnesjalínu 2 á ferðaþjónustu og útivist eru nátengd áhrifum framkvæmdanna á landslag og ásýnd sem fjallað er um í kafla 3.2 að framan. Við mat á vægi þessara áhrifa vegur þungt að línan er fyrirhuguð í næsta nágrenni við þá leið sem allir erlendir ferðamenn fara um sem koma til landsins um Keflavíkurflugvöll. Fyrir liggur að náttúra landsins er helsta aðdráttarafi fyrir erlenda ferðamenn hér á landi og að útsýnið yfir hraunið frá Reykjanesbraut er talið mikilvægt fyrir ferðamenn sem upplifa þar íslenskt landslag í fyrsta skipti. Þá er ekki síður mikilvægt það útivistargildi sem staðir á áhrifsvæði framkvæmdanna hafa fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og á Suðurnesjum. Vægi svæðisins í því tilliti er líklegt til að aukast enn frekar í framtíðinni.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á ferðaþjónustu og útivist og er sammála þeirri niðurstöðu Landsnets að valkostur C muni líklega hafa mest neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist, á meðan valkostur B, jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut, hafi minnst áhrif á ferðaþjónustu og útivist. Stofnunin tekur jafnframt undir með umsögn Ferðamálastofu um að ástæða sé til að horfa til lagningar jarðstrengs vegna áhrifa á ferðaþjónustu.

Að öðru leyti vísast til niðurstöðu í kafla 3.2.3 að framan um áhrif framkvæmdanna á landslag og ásýnd, m.a. um áhrif loftlínukosta á svæðið Almanning, sem er mikilvægt útivistarsvæði, auk sjónrænna áhrifa séð frá Reykjanesbraut, þar sem línan liggur næst henni.

3.4 Landnotkun, byggð og atvinnuþróun

3.4.1 Mat Landsnets

Í matsskýrslu Landsnets er fjallað um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á landnotkun og atvinnuþróun. Niðurstaða matsskýrslunnar er að óháð valkostum um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2, muni framkvæmdin hafa jákvæð áhrif á atvinnuþróun á Suðurnesjum, þar sem aðgengi að raforku sé einn af grundvallarþáttum í atvinnuuppbyggingu svæðisins. Minnst er á uppbyggingaráform iðnaðar í Helguvík, áform um lestarsamgöngur meðfram Reykjanesbraut og hugmyndir um uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni. Þá er vikið að hugmyndum um þróun byggðar sem ekki hafi verið festar enn sem komið er í skipulagsáætlunum sveitarfélaganna á svæðinu.



3.4.2 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögn Sveitarfélagsins Voga um frummatsskýrslu Landsnets er fjallað nokkuð um framtíðarþróun byggðar á svæðinu. Tekið er undir þörf fyrir vaxandi flutningsgetu raforku til framtíðar á svæðinu, vegna fólksfjölgunar og atvinnuuppbyggingar. Bæjarstjórnin telur sveitarfélagið gegna þýðingarmiklu hlutverki til langrar framtíðar litið sem framtíðarbúsetusvæði í námunda við höfuðborgarsvæðið annarsvegar og Keflavíkurflugvöll hinsvegar. Fram kemur að nýhafin sé vinna við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Nefnt er að í þeirri skipulagsvinnu þurfi að endurskoða þróun þéttbýlis innan sveitarfélagsins og hvaða valkostir koma til álita í þeim efnum. Einnig er vikið að mögulegum flugvelli í Hvassahrauni. Bæjarstjórnin leggur áherslu á að tekið sé tillit til hugsanlegs flugvallarstæðis og áhrifasvæðis fluglestar við undirbúning Suðurnesjalínu 2. Komi til þessara framkvæmda í náinni framtíð telur bæjarstjórnin ljóst að loftlína sé ekki valkostur, heldur nauðsynlegt að leggja línuna í jörð.

3.4.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að til staðar séu raforkuflutningsmannvirki sem annað geta þeim raforkuflutningi sem þarf til að tryggja möguleika til vaxtar íbúðarbyggðar og atvinnulífs á Suðurnesjum.

Suðurnes hafa á undanförunum árum verið vettvangur mikils vaxtar, bæði hvað varðar fólksfjölgun og atvinnulíf. Þau hafa góðar forsendur til að vera áfram vaxtarsvæði, þótt tímabundið þurfi nú að takast á við þrengingar tengdar COVID-19 heimsfaraldrinum, þar sem Suðurnes geta orðið sérstaklega illa úti vegna umfangs ferðapjónustutengdrar starfsemi á svæðinu.

Um leið og fyrirséður vöxtur íbúðarbyggðar og atvinnulífs á Suðurnesjum er það sem kallar á lagningu Suðurnesjalínu 2, geta ýmis uppbyggingaráform á svæðinu um leið sett lagningu raflínunnar ýmsar takmarkanir. Jafnframt er óvissa um ýmsa uppbyggingu sem getur haft áhrif á hvaða valkostur um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 er hagstæðastur út frá áhrifum á landnotkun, byggð og atvinnuþróun.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Hafnarfjarðarbær hafa nýlega komist að samkomulagi um að framtíðarlega Reykjanesbrautar verði í núverandi legu brautarinnar, milli Krýsuvíkurveggar og Hvassahrauns.¹ Það hefur í för með sér að breyta þarf aðalskipulagi Hafnarfjarðar, þar sem gert hefur verið ráð fyrir að brautin færist til suðurs á þessum kafla, suður fyrir iðnaðarsvæðið sem liggur næst sunnan við álverið í Straumsvík. Þessi ákvörðun lá ekki fyrir þegar unnið var að frummatsskýrslu og matsskýrslu um Suðurnesjalínu 2 eða þegar Hafnarfjarðarbær gaf umsögn um frummatsskýrsluna í júní 2019. Þessi breyting kann að gera að verkum að valkostir um legu Suðurnesjalínu 2 sem fylgja Reykjanesbraut eða Suðurnesjalínu 1 innan Hafnarfjarðar séu fýsilegri en valkostur C. Þetta kann að vera tilefni til að skoða sérstaklega í áformaðri aðalskipulagsbreytingu vegna breyttrar legu Reykjanesbrautar.

Bæði Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar gera ráð fyrir lestarsamgöngum til framtíðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins eftir lestarspori meðfram Reykjanesbraut. Ástæða er til að ákvörðun um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 taki tillit til þessa.

Síðast en ekki síst vinna stjórnvöld að athugun á uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni. Í nóvember 2019 undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík samkomulag um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni og er stefnt að því að taka

¹ Sjá tillögu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 og bókun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 5. febrúar 2020.



Ákvörðun um hvort af byggingu flugvallar í Hvassahrauni verði fyrir lok ársins 2024.² Samkomulagið er gert í framhaldi af vinnu stýrihóps sem skilaði af sér skýrslu um flugvallarkosti á suðurvesturhorni landsins í nóvember 2019.³ Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 kemur fram að samhliða hröðum vexti á flugi til landsins hafi aukist mikilvægi þess að á suðurvesturhorni landsins séu tveir millilandaflugvellir. Í því samhengi sé verið að skoða hvort fýsilegt sé að byggja upp í Hvassahrauni alhliða innanlands- og varaflugvöll. Engu að síður verði Keflavíkurflugvöllur áfram megingátt millilandaflugs í fyrirsjáanlegri framtíð. Skipulagsstofnun telur ljóst að ef af uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni verður, gerir það kröfu um að háspennulínur í nánd við flugvöllinn séu lagðar í jörð. Það myndi gera að verkum að valkostir C og C2 kæmu ekki til greina við lagningu Suðurnesjalínu 2.

Allt eru þetta atriði sem horfa þarf til, þegar tekin er ákvörðun um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2.

3.5 Vatnsvernd

3.5.1 Mat Landsnets

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að fyrst og fremst sé horft til áhrifa á byggingartíma línunnar hvað varðar áhrif á vatnsvernd, en óveruleg hætta sé talin á mengun grunnvatns við rekstur og viðhald mannvirkja. Lítil eða engin hætta sé á að sink og kopar berist frá möstrum og leiðurum í gegnum hraun í vatn. Landsnet telur meiri hættu af mengun frá framkvæmdum við lagningu jarðstrengs en við lagningu loftlínu, vegna meira jarðrasks sem þær framkvæmdir fela í sér.

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að allir valkostir liggja utan vatnsverndarsvæða innan Hafnarfjarðarbæjar og engin vatnstaka eða viðkvæmir notendur séu á því svæði og því telur Landsnet framkvæmdina hafa óveruleg áhrif á vatnsvernd innan Hafnarfjarðarbæjar.


Innan Sveitarfélagsins Voga liggja allir valkostir nema valkostur B um fjarsvæði vatnsverndar, frá sveitarfélagamörkum við Hafnarfjarðarbæ að Vogavík. Á móts við Vogavík liggja allir valkostir um grannsvæði vatnsbólsins í Vogavík, en áform eru um að hætta notkun þess.

Innan Reykjanesbæjar liggja allir valkostir á kafla um fjarsvæði vatnsverndar og innan sveitarfélagamarka Grindavíkur um grannsvæði vatnsverndar.

Landsnet telur alla valkosti hafa nokkuð neikvæð áhrif innan svæðisins Strandarheiði (sem liggur innan Sveitarfélagsins Voga, austan Vogavíkur). Landsnet telur loftlínukostina (C og E) hafa nokkuð neikvæð áhrif innan svæðisins Njarðvíkurheiði, en að jarðstrengskostirnir (A, B og D) hafi þar talsverð neikvæð áhrif. Vegur þar væntanlega þyngst áhrif á vatnsbólið í Vogavík, þar sem allir valkostirnir fela í sér lagningu jarðstrengs næst tengivirkinu á Rauðamel, sem liggur innan grannsvæðisins innan Grindavíkurbæjar.

² <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/11/28/Riki-og-borg-undirrita-samkomulag-a-grunni-skyrslu-um-flugvallakosti-a-sudvesturhorninu/>

³ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Flugvallakostir_skyrsla_nov2019.pdf



Mynd 3. Vatnsverndarsvæði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (úr matsskýrslu Landsnets).

3.5.2 Niðurstaða

Um árábil hefur staðið til að leggja af vatnsbólíð í Vogavík við þéttbýlið í Vogum. Þannig er sett fram stefna í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga sem staðfest var árið 2010, um nýtt vatnsból sunnan Reykjanesbrautar sem leysa eigi af hólmi vatnsbólíð í Vogavík. Með tilkomu þess verði vatnsbólíð í Vogavík aflagt og vatnsvernd á grannsvæði þess aflétt.

Þá liggur fyrir nýlega samþykkt breyting á svæðisskipulagi Suðurnesja, sem bíður staðfestingar, þar sem skilgreint er nýtt vatnsból og grannsvæði vatnsverndar sunnan Reykjanesbrautar í Sveitarfélaginu Vogum, sem er í samræmi við það sem auðkennt er sem framtíðarvatnsból Voga og tilheyrandi grannsvæði í matsskýrslu Landsnets. Jafnframt er þar sett fram stefna um að vatnsvernd vegna vatnsból í Vogavík falli niður þegar nýja vatnsbólíð er tekið í notkun.

Skipulagsstofnun telur vegna þessa ekki ástæðu til að áhrif á vatnsbólíð í Vogavík vegi þungt í samanburði á áhrifum valkosta, þar sem fyrir liggur að það verður aflagt. Stofnunin telur í því ljósi vera óverulegan mun á valkostum með tilliti til áhrifa á vatnsvernd en tekur að öðru leyti undir niðurstöður Landsnets um mat á áhrifum valkosta á vatnsvernd. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á vatnsvernd í algjöru lágmarki.

3.6 Vistgerðir og gróður

3.6.1 Mat Landsnets

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að helstu áhrif á vistgerðir og gróður verði á svæðinu Almenni. Valkostur, C hafi bein áhrif á kjarrskógavist, sem hafi hátt verndargildi, auk þess sem birkiskógur njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Valkostur C fari um lengri leið í Almenni en valkostir A, B og C2 og hafi sem því nemur umfangsmeiri neikvæð áhrif á vistgerðir og gróður. Valkostur B hafi minnst neikvæð áhrif á vistgerðir og gróður. Þar vegi þungst



að á þeim kafla þar sem strengurinn fylgir vegöxl Reykjanesbrautar sé lítill sem enginn gróður. Hæsta vægiseinkunn fær valkostur C á svæðinu Almennungur, talsvert neikvæð áhrif, en valkostur C2 nokkuð neikvæð og jarðstrengsvalkostirnir nokkuð til talsvert neikvæð. Á svæðinu Strandarheiði eru áhrif valkostar B talin óveruleg. Á öllum öðrum köflum telur Landsnet alla valkosti hafa nokkuð neikvæð áhrif á vistgerðir og gróður.

Fram kemur að möstrum geti fylgt áhrif vegna sinkmengunar í gróðri. Mengunina megi rekja til veðrunar á galvanhúð mastra þegar sink skolist út í gróður. Ummerki sinkmengunar séu að mestu lítt eða ekki sjáanleg við Suðurnesjalínu 1 og ekki talið tilefni til að ætla að sinkmengun verði meiri við Suðurnesjalínu 2. Gert sé ráð fyrir vöktun á slíkri mengun eftir að framkvæmdum ljúki.

3.6.2 Umsagnir og athugasemdir um frummatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu Landsnets kemur fram að stofnunin telur valkost B, jarðstreng meðfram Reykjanesbraut, bestan í heild með tilliti til áhrifa á náttúru svæðisins.

3.6.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á vistgerðir og gróður. Um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir sem að hluta skerða svæði þar sem eru vistgerðir með hátt verndargildi og þá sérstaklega kjarrskógavist á svæðinu Almennungi. Samantekið eru áhrif valkostar B minnst á vistgerðir og gróður og áhrif valkostar C mest, en þau eru þó að hluta þegar komin fram, vegna framkvæmda sem þegar hefur verið farið í á grundvelli framkvæmdaleyfis sem fellt var úr gildi. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á vistgerðir og gróður í algjöru lágmarki.

3.7 Fuglalíf

3.7.1 Mat Landsnets

Í matsskýrslu Landsnets er gerð grein fyrir fuglalífi og áhrifum á fuglalíf skipt á svæðin Hafnarfjörð, Almennungur, Strandarheiði og Njarðvíkurheiði. Neikvæðustu áhrif á fugla eru talin verða á Njarðvíkurheiði. Megin áhrifin verða vegna áflugshættu máva og farfugla á loftlínu. Einnig muni búsvæði fugla tapast vegna jarðrasks við framkvæmdir. Almennnt hafi jarðstrengskostir óveruleg til nokkuð neikvæð áhrif á fugla og búsvæði þeirra og loftlínukostir meiri neikvæð áhrif. Þannig telur Landsnet að loftlínukostir (C og E) á Njarðvíkurheiði muni hafa talsvert neikvæð áhrif á fuglalíf. Fram kemur í matsskýrslunni að áformað sé að vakta áflug á tilteknum köflum línunnar á Njarðvíkurheiði, þar sem áætlað er að helstu flugleiðir liggi yfir línuleið.

Valkostir innan svæðisins Hafnarfjörður eru allir metnir hafa óveruleg áhrif á fuglalíf. Valkostur C er talinn hafa nokkuð neikvæð áhrif á svæðunum Almennungi og Strandarheiði en aðrir kostir óveruleg til nokkuð neikvæð. Á Njarðvíkurheiði eru valkostir C og E taldir hafa talsvert neikvæð áhrif og aðrir kostir nokkuð neikvæð áhrif.

3.7.2 Umsagnir um frummatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu Landsnets kemur fram að stofnunin telur valkost B, jarðstreng meðfram Reykjanesbraut, bestan í heild með tilliti til áhrifa á náttúru svæðisins. Verði línán lögð sem loftlína telur Náttúrufræðistofnun æskilegt að áflug verði vaktað meðfram allri háspennulínunni þó megin áhersla verði á svæði milli mastra 74-97 eins og kom fram í frummatsskýrslu.



Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif loftlínu á fuglalíf áflugshættu fugla sem sækja að Seltjörn. Til bóta gæti verið að nota tvírása möstur þar sem leiðarar lína sem eru mishátt frá jörðu geti reynst fuglum hættulegri. Mikilvægt sé að vakta áflug á þessu svæði og bregðast við t.d. með merkingum línunnar ef áflug eykst óásættanlega.

3.7.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði vegna loftlínukosta á Njarðvíkurheiði. Þar þverar línuleiðin flugleið máva þar sem þeir sækja í Seltjörn og Snorrastaðatjarnir sem þeir nota til hvíldar og baða. Skipulagsstofnun telur að jarðstrengjakostir hafi óveruleg áhrif á fuglalíf. Neikvæð áhrif jarðstrengjakosta á fuglalíf séu fyrst og fremst bundin við ónæði sem hlýst á framkvæmdatíma, þar sem svæðið sem verður fyrir raski sé ekki auðugt af fuglalífi. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á fuglalíf. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á fuglalíf í algjöru lágmarki. Ef valinn verður loftlínukostur er mikilvægt að tryggt verði við leyfisveitingar að áhrif línunnar á áflug fugla verði vöktuð. Gerð verði krafa um vöktunaráætlun sem unnin verði í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands

3.8 Menningarminjar

3.8.1 Mat Landsnets

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að rannsakað hafi verið um 100 m breitt belti meðfram öllum valkostum um legu Suðurnesjalínu 2 og 82 fornleifar verið skráðar. Meðal fornleifanna séu samgönguleiðir, byrgi, fjárskjól, hleðslur og vörður. Engar minjar hafi hátt minjagildi, fjórtán talsvert gildi en aðrar lítið. Ekki sé gert ráð fyrir að framkvæmdirnar muni spilla fornleifum að öðru leyti en því að í nokkrum tilfellum þveri línuvegur eða jarðstrengsleið fornar götur og selstíga. Öryggi fornleifa verði tryggt á meðan á framkvæmdum stendur með því að merkja þær. Ef fyrirsjáanlegt sé að minjastaður spillist vegna framkvæmda muni Landsnet gera Minjastofnun Íslands viðvart og ekki framkvæma á þeim stað fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir.

3.8.2 Umsagnir um frummatsskýrslu

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er fjallað um þær fornleifar sem stofnunin telur að þurfi að taka tillit til og tilmælum beint til framkvæmdaraðila um umgengni við þær. Enn fremur er í nokkrum tilfellum gerð krafa um frekari skráningu eða kannanir ef aðrir kostir en valkostur C verður fyrir valinu. Í umsögn Minjastofnunar er hinsvegar ekki tekin afstaða til valkosta með tilliti til áhrifa á menningarminjar.

Í svörum Landsnets kemur fram að verði ráðist í framkvæmdir samkvæmt öðrum valkosti en C, muni Landsnet ráðast í mótvægisáðgerðir líkt og Minjastofnun telur nauðsynlegt.

3.8.3 Niðurstaða

Ekki virðist vera afgerandi munur milli valkosta á áhrifum á menningarminjar og samkvæmt umsögn Minjastofnunar Íslands virðist ekki vera um að ræða áhrif á minjar sem geri að verkum að einhverjir valkostanna sé í augum stofnunarinnar síðri eða óásættanlegir með tilliti til áhrifa á menningarminjar. Mikilvægt er að farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í umsögn Minjastofnunar og kappkostað að lágmarka áhrif framkvæmda á menningarminjar.



3.9 Hljóðvist og raf- og segulsvið

3.9.1 Mat Landsnets

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að frá háspennulínum (loftlínum) berist tvenns konar hljóð, annars vegar vindgnauð og hins vegar hljóð af rafrænum uppruna. Hljóð af rafrænum uppruna sé vart merkjanlegt á lægri spennu en heyrist við hærri spennu. Hljóð frá háspennulínum breytist eftir veðri, sé mest í mikilli rigingu og minnst í góðu veðri. Innan þéttbýlis í Hafnarfirði, þar sem gert er ráð fyrir jarðstreng, verða engin áhrif á hljóðvist við rekstur línunnar. Gert er ráð fyrir að hljóð frá línunni undir loftlínu verði 35 dB og verði komið í 20 dB í 160 m fjarlægð. Til að minnka áhrif á hljóðvist af rafrænum uppruna hafi einnig verið skoðaður sá möguleiki að hafa tvo leiðara í fasa. Með því verði hljóðstigið um 15 dB með tveimur 36 mm leiðurum en um 19 dB með tveimur 28 mm leiðurum, undir miðri loftlínu, miðað við blauta leiðara. Samkvæmt matsskýrslunni verða áhrif á hljóðvist alls staðar innan viðmiðunarmarka reglugerðar.

Fram kemur í matsskýrslu Landsnets að bæði rafsvið og segulsvið sé sterkast undir línunum sjálfum (loftlínum) en minnki hratt til beggja hliða. Þar sem ekki sé um það að ræða að fólk dvelji langdvölum við eða undir línunum séu þessi áhrif talin engin eða óveruleg. Vegna þess hve segulsvið frá jarðstreng sé á þröngu bili yfir honum, hafi það að mati Landsnets nær engin áhrif á segulsvið nærri byggð eða á öðrum viðkvæmum stöðum.

3.9.2 Umsagnir um frummatsskýrslu

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis bendir í umsögn sinni á að spennistöð í Hamranesi sé nærri íbúðarbyggð og telur ekki fyrirsjáanlegt að spennistöð í Hrauntungum rísi á allra næstu árum. Því verði að grípa til aðgerða til að tryggja að álag vegna hávaða í nærumhverfi spennistöðvarinnar í Hamranesi aukist ekki við það að 220 kV lína frá Rauðamel verði tengd við spennistöðina.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið muni tryggja að hávaði frá tengivirki í Hamranesi aukist ekki frá því sem nú er.

3.9.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á hljóðvist og raf- og segulsvið. Stofnunin telur óverulegan mun á áhrifum ólíkra valkosta um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 á þessa umhverfisþætti.

3.10 Loftslag

Fram kemur í matsskýrslu Landsnets að allir valkostir Suðurnesjalínu 2 muni hafa áhrif á loftslag vegna losunar gróðurhúsalofttegunda á bæði framkvæmda- og rekstartíma. Samkvæmt vistferilsgreiningu sé ekki marktækur munur á milli jarðstrengs og loftlínu þegar litið er til losunar á heildarlíftíma mannvirkjanna. Með tilliti til umfangs framkvæmdar hafi losun óveruleg áhrif á markmið sem sett eru í aðgerðaáætlun stjórnvalda um loftslagsmál og skuldbindingar í Parísarsamkomulaginu. Á móti séu framkvæmdirnar liður í að styrkja flutningskerfi raforku sem styðji vinnu samkvæmt aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, meðal annars varðandi orkuskipti.

3.10.1 Niðurstaða

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á loftslag og að þau áhrif séu sambærileg fyrir alla valkosti.



3.11 Náttúruvá

3.11.1 Mat Landsnets

Í matsskýrslu Landsnets kemur fram að sú náttúruvá sem geti haft áhrif á Suðurnesjalínu 2 felist fyrst og fremst í jarðhræringum og veðuraðstæðum.

Fram kemur að línuleið valkostar B (jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut) um Strandarheiði og Njarðvíkurheiði, liggja utan við sprungusveim Reykjaneskerfisins. Af þeim sökum megi reikna með litlu raski á jarðstreng eftir þeirri leið vegna höggunar við umbrotahrinu. Línuleið valkosta A, C, D og E meðfram Suðurnesjalínu 1 á Strandarheiði og Njarðvíkurheiði liggja yfir sprungusveim Reykjaneskerfisins og því megi reikna með raski á jarðstreng og loftlínu í þeirri legu vegna höggunar við umbrotahrinu.

Líkur á áhrifum náttúruvár á línumannvirki innan Hafnarfjarðar og Almennings eru taldar litlar. Varðandi samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum séu báðar tegundir mannvirkja viðkvæmar fyrir jarðskorpuhreyfingum og geti skaðast við jarðhræringar. Loftlínur séu taldar viðkvæmari fyrir tjóni vegna hraunrennslis heldur en jarðstrengir þar sem strengir séu varðir upp að vissu marki í jörðu.

Truflun vegna veðurs sé líklegri á loftlínunum en jarðstrengjum og séu eldingar þar helsti áhrifavaldurinn. Litið til Suðurnesjalínu 1, hafi tíðni slíkra truflana verið lág á rekstartíma línunnar.

Landsnet telur náttúruvá ekki hafa áhrif á legu eða útfærslu Suðurnesjalínu 2.

3.11.2 Niðurstaða

Jarðhræringar undanfarna mánuði á Reykjanesi eru áminning um að svæðið er virkt og þar getur verið að vænta jarðskjálfta og eldsumbrota. Þá hefur fávíðrið sem gekk yfir landið í desember sl. og önnur illviðri í vetur minnt á það veðurálag sem raforkuflutningsinnviðir þurfa að standast. Til marks um það hefur Landsnet, það sem af er af þessu ári, ítrekað gefið út viðvaranir vegna ýmiskonar yfirvofandi veðurálags, seltu, ísingar og hættu á niðurslætti eldinga og hafa einhverjar þessara viðvarana átt við suðvesturhornið, en margar við aðra landshluta.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við ályktanir í matsskýrslu Landsnets um áhrif náttúruvár á Suðurnesjalínu 2, en telur þó að það sem þar kemur fram mæli fremur með lagningu jarðstrengs en loftlínu og mæli fremur með jarðstreng samkvæmt valkosti B, sem liggur utan sprungusveims Reykjaneskerfisins, heldur en legu samhliða þeirri raflínu sem fyrir er og liggur yfir sprungusveimnum.

4 SKIPULAG OG LEYFI

4.1 Skipulag

Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er lögð áhersla á að skipulag gefi kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku, en um leið er lögð áhersla á að orkuflutningsmannvirki falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. Við skipulagsákvæðanir um lagningu raflína verði leitast við að velja þann kost sem veldur minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Auk framangreindra áherslna sem settar eru fram í landsskipulagsstefnu, snertir lagning Suðurnesjalínu 2 ýmsar aðrar áherslur sem þar eru lagðar. Þar má nefna áherslu á að skipulag stuðli að eflingu ferðaþjónustu og að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu. Að ekki sé gengið að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar og leitast við að varðveita



náttúrugæði sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá náttúrufari. Einnig að skipulag stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.

Svæðisskipulag

Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 tekur til Sveitarfélagsins Voga, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar og Suðurnesjabæjar. Svæðisskipulagið skilgreinir megin flutningsleiðir raforku. Þeir valkostir um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 sem fylgja Suðurnesjalínu 1 eru í samræmi við það (valkostir A, C, D og E). Valkostur B kallar hinsvegar á breytingu á svæðisskipulaginu.

Fyrir liggur samþykkt breyting á svæðisskipulagi Suðurnesja, sem bíður staðfestingar, þar sem gerð er breyting á afmörkun vatnsverndarsvæða m.a. á þann veg að skilgreint er nýtt vatnsból og grannsvæði vatnsverndar sunnan Reykjanesbrautar í Sveitarfélaginu Vogum og jafnframt sett fram stefna um að vatnsverndarsvæðið í Vogavík falli niður þegar nýja vatnsbólið er tekið í notkun.

Þá er hafin vinna við endurskoðun svæðisskipulags Suðurnesja vegna fjölmargra viðfangsefna á sviði skipulagsmála sem blasa við á svæðinu.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, sem tekur til Hafnarfjarðar af þeim sveitarfélögum sem Suðurnesjalína 2 er áformuð í, er stefna um að háspennulínum innan höfuðborgarsvæðisins verði ekki fjölgað og frekar horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu. Kalli Suðurnesjalína 2 á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar skal svæðisskipulagsnefnd meta hvort breytingin sé í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins, sbr. töflu 3 í 4. kafla svæðisskipulagsins.

Aðalskipulag

Valkostur C er í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar. Valkostir A, B og C2 kalla á breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. (Sjá umræðu í kafla 3.4.3. vegna áformaðrar aðalskipulagsbreytingar um legu Reykjanesbrautar.)

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga er mörkuð stefna um að nýjar rafmagnslínur verði lagðar í jörð, þar sem því er viðkomið. Jafnframt að þar sem rafmagnslínur verði ofanjarðar (loftlínur) verði leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra eins og frekast er kostur. Gert er ráð fyrir tveimur legukostum fyrir nýjar 220 KV raflínur í gegnum sveitarfélagið, annarsvegar loftlínur í línustæði og samsíða núverandi Suðurnesjalínu 1 og hinsvegar jarðstreng samsíða Reykjanesbraut. Í umsögn Sveitarfélagsins Voga um frummatsskýrslu Landsnets er áréttað að lagning jarðstrengs sé sá kostur sem lögð er megin áhersla á af hálfu sveitarfélagsins varðandi lagningu Suðurnesjalínu 2. Þannig samræmast valkostir B, C og E aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga, en eins og að framan segir leggur bæði aðalskipulagið og bæjarstjórn í umsögn sinni áherslu á jarðstreng.

Lega allra valkosta um lagningu Suðurnesjalínu 2 er í samræmi við aðalskipulag Reykjanesbæjar, en lagning jarðstrengs samkvæmt valkostum A og B myndi þó kalla á breytingu á aðalskipulaginu, þar sem stefna aðalskipulagsins tilgreinir sérstaklega loftlínur. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar mælir hinsvegar í umsögn um frummatsskýrslu Landsnets með jarðstrengsvalkostunum, A og B.

Í aðalskipulagi Grindavíkur er gert ráð fyrir því að tengivirki við Rauðamel víki og er ekki gert ráð fyrir Suðurnesjalínu 2 í aðalskipulaginu.

Deiliskipulag

Yfirfara þarf samræmi við það deiliskipulag sem Suðurnesjalína 2 snertir og vinna deiliskipulag fyrir ný tengivirki.

4.2 Leyfi

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar, Sveitarfélagsins Voga, Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



Þá veita Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Suðurnesja starfsleyfi til nokkurra framkvæmdaþátta samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einstakir þættir framkvæmda kunna einnig að kalla á leyfi Minjastofnunar Íslands eða Vegagerðarinnar.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Landsnets um Suðurnesjalínu 2 sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

Í matsskýrslu Landsnets eru kynnt áform um lagningu Suðurnesjalínu 2, sem verði um 32-34 km löng, 220 kV háspennulína milli tengivirkis við Hamranes í Hafnarfirði og tengivirkis við Rauðamel í Grindavíkurbæ.

Áform um lagningu Suðurnesjalínu 2 eiga sér talsverðan aðdraganda. Upphaflega var fjallað um framkvæmdina í mati á umhverfisáhrifum Suðvesturlína á árunum 2008-2009. Veittar voru heimildir til að undirbúa og hefja framkvæmdir á grundvelli þess umhverfismats, en þær heimildir voru síðar felldar úr gildi af dómstólum og úrskurðarnefnd, þar sem samanburður og mat á valkostum var talinn ófullnægjandi.

Í matsskýrslunni nú er lagt mat á umhverfisáhrif sex valkosta um legu og útfærslu línunnar, sem í grófum dráttum eru:

- Valkostur A. Jarðstrengur meðfram Suðurnesjalínu 1.
- Valkostur B. Jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut.
- Valkostur C. Loftlína meðfram Suðurnesjalínu 1, en vikur frá henni og sveigir til suðurs innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar.
- Valkostur C2. Loftlína meðfram Suðurnesjalínu 1, sem fylgir henni inn í Hafnarfjörð.
- Valkostur D. Felst í að loftlína samkvæmt legu C/C2 er lögð í jörð á 7 km kafla þar sem línan liggur næst Reykjanesbraut.
- Valkostur E. Felst í að loftlína samkvæmt legu C/C2 er á sameiginlegum möstrum með Suðurnesjalínu 1 á 7 km kafla þar sem línan liggur næst Reykjanesbraut.

Valkostur C er aðalvalkostur Landsnets, þ.e. sá valkostur sem fyrirtækið áformar.

Um er að ræða umfangsmikil mannvirki yfir langan veg, þar sem landslag er opið og víðsýnt og þar sem náttúrufar nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd auk þess að hafa hlotið alþjóðlega viðurkenningu vegna jarðfræðilegrar sérstöðu. Línan fer nærri einum fjölfarnasta þjóðvegi landsins, sem jafnframt er gátt erlendra ferðamanna inn í landið um Keflavíkurflugvöll og fer um og nærri náttúrusvæðum sem eru vinsæl útivistarsvæði í grennd við þéttbýlasta svæði landsins.

Við þær aðstæður sem eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar telur Skipulagsstofnun margt mæla með því að leggja jarðstreng alla leið og þá sérstaklega valkost B meðfram Reykjanesbraut. Ávinningur af því með tilliti til umhverfisáhrifa samanborið við loftlínuvalkosti felast í minni áhrifum á landslag og ásýnd, ferðapjónustu og útivist, vistgerðir og gróður og fuglalíf. Aðalvalkostur Landsnets, lagning loftlínu samkvæmt valkosti C, hefur mest neikvæð áhrif allra skoðaðra valkosta á framangreinda þætti. Jafnframt getur verið ávinningur af því að leggja línuna sem jarðstreng meðfram Reykjanesbraut fremur en sem loftlínu eða jarðstreng meðfram Suðurnesjalínu 1 með tilliti til náttúruvár.

Auk framangreinds mælir að mati Skipulagsstofnunar ýmislegt tengt byggða- og atvinnuþróun á Suðurnesjum til framtíðar með því að línan sé lögð í jörð, en um þau atriði er fjallað í kafla 3.4 að framan.



Fyrir liggur að þörf er á að styrkja raforkukerfið á Suðurnesjum og að allir þeir valkostir sem fjallað er um í matsskýrslu Landsnets eru taldir raunhæfir í því tilliti.

Landsnet hefur bent á kostnaðarmun loftlína og jarðstrengja og þær takmarkanir sem eru á heildarlengd jarðstrengja í flutningskerfinu á suðvesturhorninu sem rök fyrir því að velja loftlínu samkvæmt valkosti C við uppbyggingu Suðurnesjalínu 2. Þá hefur Landsnet vísað til þess að aðstæður á framkvæmdasvæði Suðurnesjalínu 2 falli ekki nema að litlu leyti að þeim viðmiðum sem sett hafa verið í stefnu stjórnvalda um lagningu jarðstrengja í flutningskerfi raforku.

Skipulagsstofnun telur ekki nægilegt að horfa eingöngu til kostnaðarmunar milli ólíkra útfærslna á lagningu línunnar, þar sem ólíkir valkostir um legu línunnar hafa í för með sér mismunandi möguleika og takmarkanir á annarri landnýtingu og þróun byggðar og atvinnulífs á nærliggjandi svæðum sem rétt er að taka með í reikninginn þegar horft er á kostnað við lagningu línunnar.

Í þingsályktun nr. 11/144 um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína eru sett fram viðmið sem réttlæti að dýrari kostur sé valinn og línur í flutningskerfi raforku lagðar í jarðstreng í heild eða hluta. Þessi viðmið eru að línuleið sé við flugvöll eða innan þéttbýlis, friðlands eða þjóðgarðs. Þótt þessi skilyrði eigi í dag strangt til tekið ekki við á framkvæmdasvæði Suðurnesjalínu 2 nema að takmörkuðu leyti, eru þetta þó allt atriði sem Skipulagsstofnun telur að vegi þungt við ákvörðun um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2. Raflínan er fyrirhuguð í næsta nágrennis þéttbýlis í Hafnarfirði og vaxandi þéttbýlis í Vogum. Hún er fyrirhuguð um svæði þar sem stjórnvöld hafa til athugunar að byggja upp nýjan flugvöll. Og hún fer um svæði sem nýtur verndar vegna náttúrufars, þótt ekki sé um formlega skilgreiningu svæðisins sem friðlands eða þjóðgarðs að ræða.

Skipulagsstofnun tekur undir með Landsneti að mikilvægt er að nálgast heildstætt ákvarðanir um það hvar nýta eigi svigrúm fyrir lagningu jarðstrengja. Á þessu stigi liggja hinsvegar engin önnur ákveðin áform fyrir um lagningu raflína sem hægt er taka mið af við ákvörðun um Suðurnesjalínu 2. Þá telur stofnunin að taka þurfi tillit til þess að stjórnvöld hafa til athugunar að byggja flugvöll í Hvassahrauni. Það gefur augaleið að halda þarf svigrúmi til að leggja Suðurnesjalínur 1 og 2 í jörð á og nærri flugvallarsvæðinu, komi til uppbyggingar hans. Þeim hluta „jarðstrengjakvótans“ verður því að mati stofnunarinnar ekki ráðstafað annarsstaðar, fyrr en þá að niðurstaða er fengin um að fallið sé frá flugvallaráformum í Hvassahrauni.

Í ljósi framangreinds telur Skipulagsstofnun umhverfismat Suðurnesjalínu 2 sýna fram á að lagning línunnar sem jarðstrengs sé best til þess fallin að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar, sbr. markmiðsákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, og þá sé æskilegasti kosturinn valkostur B meðfram Reykjanesbraut.

Það er í höndum hlutaðeigandi sveitarfélaga að taka afstöðu til þess hvaða valkostur verður endanlega fyrir valinu. Þær ákvarðanir þurfa sveitarfélögin að taka sameiginlega, þar sem þær ákvarðanir eru háðar hver annarri. Í umhverfismatsferlinu hefur komið fram að bæjarstjórn Reykjanesbæjar mælir með jarðstrengsvalkostum og að bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga leggur einnig áherslu á jarðstrengsvalkosti.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif Suðurnesjalínu 2 vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar, mótvægisáðgerða og vöktunar sem gerð er grein fyrir í matsskýrslu Landsnets.

Reykjavík, 22. apríl 2020

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Jakob Gunnarsson